

Nd.

105. Tillaga

til þingsályktunar um innflutning karakulasauðfjár.

Flm.: Halldór Stefánsson, Steingrímur Steinþórsson, Guðbrandur Ísberg,
Sveinn Ólafsson, Björn Kristjánsson, Þorleifur Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að nota heimild laga nr. 27, 8. sept. 1931, um innflutning karakulafjár frá Þýzkalandi, og svo fljótt, að unnt sé að hafa það til framtíngunar næsta vetur.

Greinargerð.

Landbúnaðarframleiðsla vor er fábreytt og markaðir fyrir hana svo takmarkaðir sem kunnugt er. Oss er því brýn nauðsyn að leita allra úrræða til að auka fjölbreytni hennar og markaðsmöguleika. Mjög miklar líkur eru til, að verulegs ávinnings megi vænta í þessu tilliti af ræktun karakulafjár hér á landi, þar sem verðmætustu afurðir þess eru aðrar en þær, sem sauðfé vort gefur. Má einskis láta ófreistað, sem oss geti orðið til ávinnings í þessu efni.